

Inngangur

Í 18. gr. laga nr.10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, ber öllum fyrirtækjum og stofnunum sem hafa fleiri en 25 starfsmenn að setja sér jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína. Markmið laganna er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni.

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og í aðalnámsskrá grunnskóla er víða fjallað um jafnrétti kynjanna og mannréttindi. Þar er áherslan á að bæði kynin hafi jafnan rétt til náms, þátttöku í samfélaginu, fjölskyldu- og atvinnulífi. Markmið námsins, kennslunnar og starfshættir skólans skuli vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun m.a. vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar og trúarbragða.

Allt skólastarf skal vera í anda jafnréttis. Jafnrétti á að vera samofið í leik og starfi nemenda og starfsfólks og þurfa allir að geta starfað í þeirri vissu að ekkert hamli þeirra starfsánægju.

Öllum starfsmönnum og/eða nemendum er ljóst að einelti og áreitni er ekki liðið í skólanum. Einelti er skilgreint með eftirfarandi hætti: „Óviðeigandi og ósæmandi síendurtekin hegðun sem erfitt er að verjast og niðurlægir, móðgar, særir, mismunar, ógnar og/eða veldur vanlíðan hjá þeim sem hún beinist að. Hér er átt við endurtekið andlegt eða líkamlegt ofbeldi sem beinist gegn einum eða fleiri aðilum á vinnustaðnum.“

Skilgreiningar á áreitni eru skilgreindar eftir eðli eða birtingarmynd áreitninnar. Skilgreiningarnar eru:

Áreitni: „Munnlegar og/eða skriflegar athugasemdir sem meiða, beinar eða óbeinar hótanir, líkamsmeiðingar af einhverjum toga og önnur óviðeigandi og ósæmandi hegðun.“

Kynferðisleg áreitni: „Er hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg og er ávallt viðhöfð án samþykkis. Valdbeiting tengist starfi og/eða framþróun í starfi þess sem fyrir henniverður.“

Kynbundin áreitni: „Er hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi.“

Stjórnendur bera ábyrgð á því að einelti eða áreitni af hvers kyns toga viðgangist ekki í skólanum og meðferð slíkra mála er í þeirra höndum.

Jafnréttisáætlun Lágafellsskóla tekur til nemenda og starfsmanna. Samskipti einstaklinga eiga að grundvallast á gagnkvæmri virðingu, kurteisi og tillitssemi, sem er forsenda þess að hverjum og einum líði vel. Gagnkvæmt traust og jákvæð og uppbyggileg samskipti móta framfarir góðan skólabrag. Mikilvægt er að hver og einn fái notið sín á eigin forsendum og starfið mótist af metnaði og hvatningu til sjálfstæðra verka og aukinnar víðsýni.

Skólastjórnendur skulu leggja áherslu á að allt skólastarf miði að því að undirbúa nemendur óháð kyni fyrir einkalíf, fjölskyldulíf, félags- og atvinnulíf. Gæta þarf að námsefni mismuni ekki kynjum og í náms- og starfsfræðslu verði lögð áhersla á að kynna einstaklingum óháð kyni störf sem hingað til hafa verið talin hefðbundin kvenna- eða karlastörf.

Í Lágafellsskóla á sér reglulega stað innra mat á skólastarfinu þ.e. starfsmannasamtöl, vinnustaðagreiningar, samskiptagreiningar, eineltiskannanir og viðhorfskannanir meðal nemenda, starfsmanna og/eða forráðamanna. Þannig gefst gott tækifæri til að kanna og leggja mat á stöðu jafnréttismála í skólanum.

Jafnréttisáætlun skólans er kynnt fyrir þeim sem að skólastarfinu koma. Þar sem um skóla er að ræða er nemendahluti áætlunarinnar kynntur fyrir foreldrum. Áætlunina má nálgast á heimasíðu skólans, Lágafellsskóla.

Sveitarfélagið Mosfellsbær hefur gefið út jafnréttisáætlun sem byggir á heildarstefnu Mosfellsbæjar og gildum sveitarfélagsins sem eru virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja. Áætlunin er ennfremur unnin í samræmi við lög númer 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, svo og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum sem undirritaður var árið 2008. Áætlunin er þrjúþætt og byggir á eftirfarandi þáttum: Samfélagi og þjónustu, menntun og uppeldi og vinnustaðnum.

Meginmarkmið þess þáttar er snýr að menntun og uppeldi eru:

- a. Taka skal tillit til ólíkra þarfa nemenda þegar kemur að skipulagi kennslu og framsetningu námsefnis.
- b. Fræðsla um jafnréttismál skal veitt á öllum skólastigum.
- c. Starfsfólk á öllum skólastigum skal fá viðeigandi fræðslu og þjálfun til að búa nemendur af báðum kynjum undir þátttöku í jafnréttis- og lýðræðisþjóðfélagi.
- d. Markvisst skal unnið að afnámi staðalímynda kynja.
- e. Kynjasjónarmiða skal gætt við skipulag náms og framsetningu kennsluefnis.
- f. Tekið skal mið af kynjasjónarmiðum við skipulag og framkvæmd frístundastarfs.
- g. Þess skal gætt á öllum skólastigum að allir foreldrar óháð kyni, þjóðfélagsstöðu, þjóðerni, litarhætti, móðurmáli og forræði barna hafi jafnan aðgang að upplýsingum.

Jafnréttisstefnu Mosfellsbæjar má nálgast á heimasíðu [Mosfellsbæjar](#)

Mosfellsbær hefur sett sér launastefnu og jafnlaunastefnu. Launastefnunni er ætlað að styðja við farsælan rekstur sveitarfélagsins. Jafnlaunastefnan á að tryggja öllum starfsmönnum jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að launamunur sé ekki til staðar. Mosfellsbær hefur að auki hlotið jafnlaunavottorð og í úttekt PWC kom í ljós að kynbundinn launamunur er hverfandi í [Mosfellsbæ](#).

Framkvæmdaáætlun - Almennt

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að framfylgja lögum, reglugerðum og jafnréttisáætlun skólans	Skipa jafnréttisnefnd fyrir skólaárið 2019-2020	Skólastjóri	Ágúst 2019
Að jafnréttisáætlun skólans sé kynnt og hún sé aðgengileg á heimasíðu skólans	Jafnréttisnefnd kynnir áætlunina fyrir starfsfólki Kennarar kynna áætlunina fyrir nemendum og foreldrum	Skólastjóri Jafnréttisnefnd Kennarar	September 2019
Endurskoða áætlunina á þriggja ára fresti eða í samræmi við þróun á vinnustaðnum	Jafnréttisnefnd endurskoðar áætlunina	Skólastjóri Jafnréttisnefnd	Febrúar 2022
Meta innra starf með tilliti til jafnréttis á vinnustaðnum	Könnun lögð fyrir starfsmenn, foreldra og nemendur.	Deildarstjóri mats/Skólastjóri	Apríl 2020

Nemendur

Í lögum um grunnskóla er sérstaklega kveðið á um að veita skuli fræðslu um jafnréttismál meðal annars með því að búa nemendur undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldu- og atvinnulífi. Þess skal gætt í öllum starfsháttum skólans og daglegri umgengni við nemendur að þeim sé ekki mismunað og komið sé til móts við þá óháð t.d kynferði, kynhneigð, aldri, útliti, uppruna og trúarskoðana. Leitast skal við að mæta þörfum allra nemenda í skólastarfinu. Í aðalnámskrá grunnskóla er jafnrétti einn af grunnþáttunum sem byggja skal skólastarf á.

Lögð er áhersla á að nemendur læri að þekkja og tjá eigin tilfinningar. Þeir eiga jafnframt að læra að virða tilfinningar annarra óháð uppruna, kyni, búsetu, trú eða fötlun. Kennsluaðferðir, námsgögn og aðstaða mega á engan hátt mismuna nemendum enda eiga allir nemendur jafnan rétt til náms. Öll vinna nemenda skal vera í anda jafnréttis þar sem lögð er sérstök áhersla á að nemendur rækti með sér samkennd, samhygð og virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra. Nemendur eiga að hafa jafnrétti að leiðarljósi í öllum samskiptum.

Það er lykilatriði að vinna markvisst með jafnrétti í lífsleiknikennslu. Þó svo að lífsleikni komi ekki inn í námskrá fyrr en í 4. bekk er allt skólastarf yngri nemenda samofið lífsleikniáherslum eða þjálfun.

Vinna þarf gegn stöðluðum ímyndum kynjanna m.a. með markvissum heimsóknum foreldra í skólann þar sem þeir kynna starfsvettvang sinn. Einnig þarf að vinna með gildismat og fordóma í gegnum almennar umræður. Kynna þarf sérstaklega fyrir stúlkum nám og störf í tækni- og iðngreinum og fyrir drengjum hefðbundin störf sem flokkast til uppeldis- og umönnunarstarfa.

Allir kennarar skólans verða að skoða og meta allt námsefni út frá jafnréttissjónarmiði. Hafa skal að leiðarljósi að vinna með námsefni / kennslugögn sem byggja á jafnréttishugmyndum. Allar námsgreinar tengjast beint eða óbeint jafnrétti. Sérstaklega er nauðsynlegt að huga að þeim greinum sem tengjast öðru kyninu fremur en hinu, sbr. starfsval síðar á lífsleiðinni. Kennarar þurfa að beita fjölbreyttum kennsluháttum þannig að nemendur fái kennslu við hæfi og ólík reynsla og gildismat fái notið sín. Haft er að leiðarljósi í skólastarfinu að þátttaka kynjanna í sem flestum þáttum starfsins sé sem jöfnust.

Rík áhersla er lögð á gagnkvæma og trausta samvinnu við heimili nemenda og grenndarsamfélag.

Framkvæmdaáætlun – Nemendur

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skólanum	Námskeið fyrir stjórnendur og kennara um sambættingu jafnréttis og kynjasjónarmiða	Skólastjóri og jafnréttisnefnd	Skólaárið 2019-2020
Að vinna samkvæmt markmiðum Aðalnámskrár þar sem jafnrétti í skólum eru tilgreind	Kennarar taki mið af markmiðum sem lúta að kennslu í jafnréttismálum og ber að taka mið af því við gerð kennsluáætlana	Skólastjóri Kennarar	Ágúst 2019
Að námsgögn mismuni ekki nemendum og séu í stöðugri þróun Fylgst verði með nýjungum í kennslugögnum í jafnrétti og viðhafðar fjölbreyttar kennsluáðferðir	Kennarar finni námsefni sem fylgir jafnréttismarkmiðum Aðalnámskrár Námsefni hvers stigs yfirfarið m.t.t. jafnréttis	Deildarstjórar stiga Kennarar	Ágúst ár hvert og eftir þörfum yfir árið
Að kynna fyrir nemendum af óháð kyni framhaldsmenntun og störf í þjóðfélaginu	Nemendur fái tækifæri á að kynna sér atvinnulífið af eigin raun t.d. með heimsóknnum foreldra. Áhugasviðskannanir lagðar fyrir. Unnin verði heildstæð nám- og starfsráðgjafar áætlun með áherslu á jafnrétti	Kennarar Náms – og starfsráðgjafi	Allt skólaárið Árlega September 2019
Að koma til móts við öll kyn í valgreinum innan skólans	Gera könnun meðal nemenda varðandi óskir um valgreinar	Deildarstjóri Náms – og starfsráðgjafi	Að vori árlega

<p>Að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni verði ekki liðin í skólastarfinu hvort heldur sem er af hálfu annarra nemenda eða starfsmanna</p>	<p>Fræða nemendur um kynþroska, kynlíf og siðferði í samskiptum kynjanna samkvæmt markmiðum aðalnámskrár.</p> <p>Nemendum kynnt hvert þeir geti leitað ef þeir telja sig verða fyrir áreitni eða ofbeldi.</p>	<p>Kennarar</p> <p>Skólahjúkrunarfræðingur</p> <p>Náms – og starfsráðgjafi</p> <p>Skólastjórnendur</p>	<p>Árlega</p> <p>Að hausti árlega</p>
<p>Að leggja reglulega kannanir fyrir nemendur og foreldra um stöðu jafnréttismála í skólanum</p>	<p>Niðurstöður kannana, foreldraviðtala og nemendaviðtala verði skoðaðar með tilliti til þessa.</p>	<p>Deildarstjóri mats</p> <p>Skólastjóri</p> <p>Kennarar</p>	<p>Árlega</p>

Starfsmenn

Starfsmenn skólans njóta sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar óháð uppruna, kyni, búsetu, trú eða fötlun. Þeir búa einnig við jafna möguleika til stöðuhækkana, stöðubreytinga og breytinga á vinnuaðstæðum. Launajafnrétti er í skólanum fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf og taka mið af kjarasamningum og hefur Mosfellsbær hlotið jafnlaunavottun. Skólinn hvetur fólk óháð kyni til að sækja um laus störf. Þess skal gætt að í öllum starfsháttum skólans að starfsmönnum sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis, kynhneigðar, aldurs, útlits, ætternis, fötlunar, heilsufars, uppruna, trúar- eða stjórnámálaskoðana. Leitast skal við að mæta þörfum allra.

Í anda jafnréttislaga eiga stjórnendur að leitast við að gera nauðsynlegar ráðstafanir þannig að starfsmenn, geti samræmt sem best starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu. Lágafellsskóli er fjölskylduvænn vinnustaður sem viðurkennir mikilvægi þess að gott samræmi ríki milli vinnu og einkalífs með gagnkvæmum sveigjanleika. Að öllu jöfnu er gert ráð fyrir að starfsfólk geti sinnt daglegum störfum sínum á dagvinnutíma. Virðing skal borin fyrir frítíma starfsfólks.

Starfsþróun og símenntun sé aðgengileg öllum. Starfsmenn fá fræðslu um nýjungar á sviði jafnréttismála, taki þátt í umræðum og kynni sér rannsóknir og skóla sem náð hafa árangri.

Framkvæmdaáætlun – Starfsmenn

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að gæta að jafnræði í launa- og starfskjörum	Einstaklingar óháð kyni fá sömu laun og njóti sambærilegra kjara fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf. Í auglýsingum eru einstaklingar hvattir til að sækja um störf óháð kyni	Skólaskrifstofa Launaskrifstofa Skólastjóri	Stöðumat svo oft sem þurfa þykir
Ráðið er í öll störf óháð kyni	Samantekt á kynjahlutföllum í starfshópum Samantekt yfir auglýst störf, umsækjendur og ráðningar Ráðið er í öll störf óháð kyni	Skólaskrifstofa Launaskrifstofa Skólastjóri	Febrúar árlega Ávallt

Að allir fái sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar Að námstilboð skólans höfði til allra	Haft að leiðarljósi við gerð símenntunaráætlunar skólans	Skólastjóri Jafnréttisnefnd	September 2019
Að endurskoða stöðu jafnréttismála innan skólans	Starfsmannakannanir sem gerðar eru af mannauðsstjóra og skólanum	Mannauðsstjóri Deildarstjóri mats	Árlega
Að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni sé ekki liðin á vinnustaðnum og í skólanum Að viðbragðsáætlun sé til staðar sem tekur á slíku og byggir á reglugerð þar að lútandi	Fræðsla um einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni ásamt kynningu á viðbragðsáætlun um hvernig bregðast skuli við ef slíkt kemur upp á Sjá viðbragðsáætlun Mosfellsbæjar	Skólastjóri Jafnréttisnefnd	Árlega í ágúst
Að vera fjölskylduvænn vinnustaður	Reynt að koma til móts við þarfir starfsmanna hvað varðar samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs	Skólastjóri	Árlega í ágúst
Starfsmenn, óháð kyni, nýti sér þann rétt sem þeir eiga varðandi foreldra- og fæðingarorlof og leyfi vegna veikinda barna	Kynna fyrir starfsfólki (sérstaklega verðandi foreldrum) réttindi og skyldur sem það hefur gagnvart vinnustaðnum	Skólastjóri	Árlega í ágúst

Framkvæmd, eftirfylgni og endurskoðun

Í upphafi skólaárs, að hausti, eru haldnir kynningarfundir í skólanum fyrir forráðamenn nemenda. Þar er skólastarfið kynnt og það skipulag sem unnið er eftir, m.a. sá hluti jafnréttisáætlunar skólans sem snýr að nemendum.

Umræðu um jafnréttisáætlunina, bæði það sem snýr að starfsmönnum og nemendum, þarf að taka upp árlega á starfsmannafundum og í skólaráði.

Mikilvægt er að fram fari faglegt og reglubundið mat á áhrifum jafnréttisáætlunar og jafnréttisstarfs í skólanum. Niðurstöður matsins eru kynntar reglulega fyrir nemendum, starfsfólki og forráðamönnum.

Til að jafnréttisáætlun skili árangri er nauðsynlegt að hafa skýra mælikvarða í tengslum við þau markmið sem koma fram í áætluninni. Þau matstæki sem lögð eru til grundvallar eru starfsmannasamtöl, vinnustaðagreiningar, samskiptagreiningar, viðhorfskannanir meðal nemenda, starfsmanna og forráðamanna og eineltiskannanir. Gerðar eru úrbótaáætlanir í framhaldi af niðurstöðum kannanna og viðtala.

Lagðar eru reglulega fyrir nemendur í 5. - 10. bekk spurningar um t.d. líðan, sjálfsmynd, áform og virkni. Komi í ljós verulegur munur á svörum kynjanna er unnið með þær niðurstöður og kannað hvað valdi og hvað sé til úrbóta. Þetta sjálfsmat nemenda má einnig nota sem innlegg í nemenda- og foreldrasamtöl. Einnig er lögð könnun fyrir yngri nemendur þar sem sömu þættir eru skoðaðir.

Jafnréttisáætlun og niðurstöður kannana eru kynntar fyrir foreldrum, nemendum, starfsmönnum og skólaráði. Niðurstöðurnar má einnig nálgast á heimasíðu skólans.

Allt starfsfólk á rétt á að komið sé fram við það af virðingu og umhyggju. Einelti og/eða áreitni af öllum toga líðst ekki í Lágafellsskóla. Tilkynna skal um mögulegt einelti til næsta yfirmanns, mannauðsstjóra, öryggistrúnaðarmanns eða senda tilkynningu á teymi@mos.is svo hægt sé að greina vandann og bregðast við á viðeigandi hátt hátt (sbr. reglugerð nr. 1000/2004 um aðgerðir gegn einelti á vinnustað) sjá viðbragðsáætlun [Mosfellsbæjar](#).

Jafnréttisáætlun skal endurskoða á þriggja ára fresti, næst í febrúar árið 2022.

Jafnréttisáætlun Lágafellsskóla byggir á:

[Lögum um grunnskóla nr. 91/2008](#)

Þingsáætlun um stefnu í jafnréttismálum 2011

[Lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008](#)

[Aðalnámskrá grunnskóla](#)

Starfsáætlun og Skólanámskrá Lágafellsskóla

[Gerð jafnréttisáætlana fyrirtækja og stofnana](#)

Endurskoðað í febrúar 2019